



8. MENNING

Bls 64–71

Markmið

Að nemandi átti sig á:

- að ritlist og margvísleg menning barst hingað frá Evrópu með kristninni
- að menntastétt myndaðist í landinu vegna áherslu kirkjunnar á menntun
- Íslendingar gerðust iðnir við að rita alls kyns fróðleik
- að Íslendingar skrifuðu merkar bókmenntir þar sem innlend frásagnarhefð og evrópsk bókmenntahefð blönduðust saman
- að merkust miðaldabókmenntir þjóðarinnar voru skrifaðar á 13. öld
- að Íslendingasögurnar þykja mikilvægt framlag til heimsbókmenntanna
- að gullöld sagnaritunar lauk um miðja 14. öld þegar léttvægari skáldskapur náði yfirhöndinni
- að sagnaskemmtun fór fram á íslenskum heimilum

Kennsla

Mikilvægt er að nemandur átti sig á því að ritöld hófst hérlendis í kjölfar kristni. Landsmenn kynntust þar með bókmenntum Evrópu sem leiddi til þess að íslenskir menntamenn fóru að skrifa innlendar bókmenntir.

Rétt er að nemandur þekki helstu höfunda sem nafngreindir verða. Þá er nauðsynlegt að gera þeim grein fyrir helstu flokkum íslenskra miðaldabókmennta með sérstakri áherslu á Íslendingasögurnar.

Þá er rétt að fjalla um innlenda munnmælahefð sem birtist meðal annars í Eddukvæðum. Þá er mikilvægt að segja frá sagnaskemmtunum landsmanna sem og þeim breytingum sem urðu í skáldskap um 1350.

Umræður

- Hvernig lifðu sögur áður en ritöld gekk í garð?
- Nú var kristnin komin til að vera á Íslandi – hvað heldur þú að hafi breyst í menningu Íslendinga við það að kristnin barst hingað til lands?
- Hvernig heldur þú að landsmenn hafi kynnst evrópskri menningu?
- Af hverju voru bækur dýrar á miðöldum? Hvað heldur þú að hafi orðið til þess að ritlist barst til Íslands og hvenær var það?
- Hvaða bækur heldur þú að þyki merkilegastar sem skrifaðar voru á Íslandi á miðöldum?



Verkefni

- Ímyndaðu þér að þú sért fyrsti Íslendingurinn sem lærir að skrifa á miðöldum. Hvað myndir þú skrifa fyrst? Skrifaðu frásögn um eitthvað sem þú heldur að þér þætti mikilvægast ef þú værir uppi á seinni hluta 11. aldar og fyrri hluta þeirrar 12.
- Segðu frá einum þessara manna og útbúðu mynd af honum eins og þú heldur að hann hafi litið út. Snorri Sturluson, Ari fróði, Sæmundur fróði.
- Finna nokkrar sögur úr þjóðsögunum af Sæmundi fróða og fá nemendur til að læra þær utanbókar. Síðan væri sögustund þar sem þeir sem völdu að læra sögurnar segja bekkjarfélögum söguna án þess að lesa hana upp.

Hópverkefni

- Útbúa veggspjöld sem líta t.d. út eins og skinnhandrit. Einkenni bókmennta og flokkun. Hverjar voru helstu bækur hvers flokks.
 - ◆ **Þjóðarsögur** – Saga þjóðarinnar og landnámsins (Landnáma og Íslendingabók)
 - ◆ **Heilagara manna sögur** – Frásagnir af heilögum dýrlingum. Í þessum flokki voru biskupasögur eins og Hungurvaka
 - ◆ **Konungasögur** – Um norska konunga – Heimskringla
 - ◆ **Íslendingasögur** – Njála – Egils saga – Laxdæla – Grettis saga
 - ◆ **Samtíðarsögur** – Um ævi og átök höfðingja á 12. og 13. öld – Sturlunga
 - ◆ **Fornaldarsögur Norðurlanda** – Ýkjusögur
 - ◆ **Riddarasögur** – Segja frá ástum og hetjuskap riddara í Evrópu.

Kort

- Merktu inn á kort þá staði sem koma við sögu í kaflanum. Skrifaðu ártöl og heiti eftir því sem við á.

Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.

Leikræn tjáning

- Leikræn tjáning sem sýnir hvað var gert á Sagnaskemmtun. Upplestur – grín og glens.



8. MENNING – VERKEFNI

Bls 64–71

1. Hver er talinn hafa verið fyrstur til að rita á norrænu héraendis? Hvað ritaði hann og hvenær?

2. Hvenær eru helstu miðaldabókmenntir þjóðarinnar taldar skrifaðar?

3. Hvaða bókmenntir mætti telja til merkustu miðaldabókmennta Íslendinga?

4. Hvað segja heimildir um upphaf ritunar á Íslandi?

5. Á hverju byggðist þekking íslenskra menntamanna á þessum tíma?



6. Hvaða „hefðir“ eru taldar hafa runnið saman og skapað grundvöll fyrir bókmenntir Íslendinga?

7. Af hverju voru bækur dýrar á miðöldum?

8. Hvað er það sem helst einkennir Íslendingasögurnar?

9. Nefndu einn þekktan miðaldaríthöfund Íslendinga. Hvað ritaði hann og um hvað fjölluðu bækur hans?

10. Hvers konar skáldskapur varð vinsælastur næstu aldirnar?



8. MENNING – LAUSNIR

1. Ari fróði. Eina bókin sem vitað er með vissu að Ari hafi skrifað er *Íslendingabók* en hún er talin rituð einhvern tímann á tímabilinu 1122–1133. Þar er fjallað um sögu þjóðarinnar frá landnámi og er hún okkar besta ritheimild um fyrstu aldir Íslandsbyggðar.
2. Helstu bókmenntaverk þjóðarinnar voru líklega skrifuð á 13. öld.
3. Íslendingasögurnar.
4. Elstu heimildir um ritun á Íslandi eru frásagnir af *Hafliðaskrá*, sem var lagatexti, en hún mun hafa verið færð í letur árið 1117. Það verður hins vegar að teljast líklegt að ritöld hafi gengið í garð eitthvað fyrr – sennilega undir lok 11. aldar. Á fyrri hluta 12. aldar virðast Íslendingar hafa verið farnir að rita lög, ættartölur, kristleg fræði og sögulegan fróðleik á móðurmálinu.
5. Þekking menntamanna mótaðist mjög af erlendum trúar- og lærdómsritum sem flutt voru inn til landsins.
6. Íslensk frásagnarhefð og evrópsk lærdómshefð virðast hafa runnið saman með sérstæðum hætti og getið af sér margar af merkustu bókmenntum Evrópu.
7. Öll ritun var unnin á skinn en pappír var ekki kominn til sögunnar. Skinnhandrit þau sem rituð voru á Íslandi voru oft mikil að vöxtum og því hefur þurft töluverðan bústofn til að halda uppi bókagerð í landinu.
8. Þær þykja einstakar meðal bókmennta heimsins frá þessum tíma vegna óvenjulegs raunsæis sem og þess að söguhetjur þeirra eru venjulegt fólk. Á miðöldum voru sögur yfirleitt af konungum eða helgum mönnum sem áttu að vera miklu fullkomnari en venjulegir menn. Lýsingar á þeim voru því einfaldari og ótrúverðugri.
9. Merkasti nafngreindi miðaldahöfundur okkar er án efa Snorri Sturluson en hann skrifaði *Heimskringlu* og *Snorra-Eddu*. *Heimskringla* segir sögu norskra konunga en *Snorra-Edda* er kennslurit í skáldskaparfræðum sem inniheldur fornar goðasögur. Hún er efnismesta heimild okkar um heiðna trú norrænna manna. Margir vilja meina að *Egils saga* sé hugsanlega rituð af Snorra en um það er erfitt að fullyrða. Ritverk Snorra þykja miklar gersemur þar sem þau búa yfir merkilegum fróðleik en eru jafnframt listilega vel skrifuð.
10. Rímur nutu sérstakrar hylli en þær eru löng frásagnarkvæði og var efniviður þeirra oft sóttur í þekktar sögur. Þær urðu uppistaðan í dægurmenningu Íslendinga fram til 19. aldar.